

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

10. fundur Stjórnar B.S. bs. haldinn fimmtudaginn 12. maí 2016

kl. 14:00 í fundarsal B.S. í Sandgerði .

Mættir eru: Friðjón Einarsson, Birgir Örn Ólafsson , Gísli Heiðarsson, Sigrún Árnadóttir, Jóhann S. Sigurbergsson, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri og Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri. Gísli Heiðarsson mætti ekki.

Fundargerð

Formaður setur fundinn.

Mál:

1. Efni ársfundar fyrir rekstrarárið 2015.
 - Slökkviliðsstjóri kynnir efni ársfundar.
2. Áhrif nýgerða kjarasamninga.
 - Jón fer yfir og skýrir út þær breytingar sem nýgerðir kjarasamningar hafa á launaliði. Gert er ráð fyrir 3 % hækkun á launalið fjárhagsáætlunar 2016 sem gæti verið í kringum 10 milljónir.
3. Fjárhagsáætlun 2017-19.
 - Slökkviliðsstjóri gerir ráð fyrir að drög að fjárhagsáætlun verði kynnt á næsta stjórnarfundum.
4. Staða fjármála.
 - Jón fer yfir stöðuna á bankareikningi BS sem er jákvæð.
 - Samþykkt að stjórnarformanni verði falið að senda bréf á sveitarfélögin þar sem ítrekað er að greiðslur þurfi að berast til BS bs. ekki seinna en 5. hvers mánaðar.
5. Erindi FSBS um leyfi til þess að setja upp heitan pott með tilheyrandi palli.
 - Stjórnin fagnar þessu erindi um bættu aðstöðu fyrir starfsmenn og felur slökkviliðsstjóra að ganga frá þessu máli við félagið.
6. Skýrsla slökkviliðsstjóra.
 - a. Mannauðsstefna B.S.
 - Stjórn samþykkir drög að mannauðsstefnu BS bs. og tekur stefnan gildi nú þegar.
 - b. Siðarreglur B.S.
 - Stjórn samþykkir drög að siðareglum BS bs. og taka reglurnar gildi nú þegar.
 - c. Samningur um fatamál við starfsmenn.
 - Jón fer yfir þá vinnu sem hefur verið í gangi með trúnaðarmanni og starfsmönnum um samning um einkennisfatnað. Stjórn samþykkir samningin og felur slökkviliðsstjóra að ganga frá málinu.

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

- d. Emergency Services Show 21.sept.
- Jón kynnir málið fyrir stjórn.

7. Önnur mál.

Fundi slitið kl. 15:10